

Með þörungavinnslu er í lögum þessum átt við starfsemi til framleiðslu á þang- og þaramjöli og öðrum skyldum afurðum fyrir innlandan og erlendan markað.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu tveir aðalmenn og tveir varamenn skipaðir af ráðherra, en einn aðalmaður og einn varamaður kosinn á aðalfundi.

4. gr.

Hlutafélagið skal athuga þær rannsóknir, sem fram hafa farið á þara- og þangvinnslu að Reykhólum. Því skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þörungaverksmiðju og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram 10 milljónir króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 10 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna, sbr. 4. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

6. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæða 2. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagslaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málslíðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýting þörunga hefur lengi verið áhugamál hérlendis og margir aðilar hafa gert athuganir og tilraunir þar að lútandi. Þessar rannsóknir hafa beint að þangi og öðrum þörungagróðri, sem vex á fjörum, sem koma upp úr sjó á lágflæði, og þara, sem vex á meira dýpi og kemur að jafnaði ekki upp úr sjó. Yfirlit um þessa rannsóknastarfsemi hefur verið tekið saman af Sigurði V. Hallssyni, verkfræðingi, í skýrslu til Rannsóknaráðs ríkisins og Orkustofnunar frá maí 1969.

Um 1950 hófust rannsóknir á vegum Rannsóknaráðs ríkisins á þaramiðum í Breiðafirði, og á árunum þar á eftir voru gerðar á vegum ráðsins athuganir á framleiðslu alginsalta úr þara.

Eftir 1956 fóru fram rannsóknir á þaramiðum, öflunaraðferðum og þarapurrk-unaraðferðum á vegum Raforkumálastjóra. Þeim rannsóknum var haldið áfram allt til ársins 1968 af Sigurði V. Hallssyni með stuðningi Raforkumálastjóra (síðar orkumálastjóra).

Árið 1968 hófst samvinna Orkustofnunar og rannsóknaráðs ríkisins um athuganir á rekstri þarapurrkstöðvar á Reykhólum. Var þá gerð yfirlitsáætlun um hagkvæmni þaramjölsværksmiðja af mismunandi stærðum, en aðaláætlun byggðist á framleiðslu 1200 tonna á ári af þaramjöli. Á þeim grundvelli voru á árunum 1968 til 1971 gerðar ítarlegar athuganir á möguleikum til framleiðslu þaramjöls til alginframleiðslu.

Talið var að fullnægjandi öflunaraðferðir hefðu verið reyndar og þekkt þaramið kortlögð og önnur ný fundin og kortlögð. Gróflega áætlað var talið að þessi mið gætu staðið undir allt að 10—12000 tonna framleiðslu á ári af þurrkuðum hrossaþara auk annarra þörunga. Aðferð til þurrkunar var reynd og þrátt fyrir mikla tæknilega erfiðleika, sem ekki voru að fullu leystir, var talið að gerlegt yrði að þurrka þara við þessar aðstæður. Markaðsathugun leiddi hins vegar í ljós, að litlar líkur voru fyrir sölu á verulegu magni þaramjöls á hagstæðu verði og varð því ekki úr frekari rannsóknum á þessu sviði.

Athuganir, sem fram hafa farið á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og einnig fyrirtækisins Sjávaryrkjan hf., hafa hins vegar leitt í ljós mikinn áhuga á kaupum á þangmjöli, bæði til landbúnaðarnota í Bandaríkjunum og alginframleiðslu í Skotlandi. Skozkt fyrirtæki Alginate Industries Ltd., hefur staðfest í bréfi til Rannsóknaráðs ríkisins, sem fylgir hér með, þann vilja sinn að kaupa 4000 tonn af þangmjöli árið 1974, sem aukist í allt að 10 000 tonn síðar. Boðið er upp á 10 ára endurnýjanlegan samning um kaup og tæknilega aðstoð við að koma fyrirtækinu á fót.

Á grundvelli þessa tilboðs hefur Rannsóknaráð ríkisins látið gera áætlun um framleiðslu 4000 tonna á ári af þangmjöli, en talið er líklegt að þangmið á Breiðafirði geti staðið undir a. m. k. 10 000 tonna framleiðslu á ári af þangmjöli. Áætlun þessi og ítarlegar upplýsingar, bæði um þangvinnslu og fyrri rannsóknir á þaravinnslu, eru birtar í skýrslu Rannsóknaráðs um þang- og þarapurrkstöð á Reykhólum við Breiðafjörð frá október 1972. Er vísað í þá skýrslu til nánari upplýsinga.

Í aðaldráttum er hugsanleg starfsrás þangþurrkstöðvar sýnd á meðfylgjandi mynd. Gert er ráð fyrir véliskurði á fersku þangi og flutningskerfi með skipum að og frá værksmiðju, sem reist yrði á Karlsey út af Reykhólum. Reiknað er með því,

að þangið sé þvegið í volgu vatni fyrir þurrkun og auðgað að hlutfallslegu algininnihaldi upp í a. m. k. 40% og síðan þurrkað með jarðhita. Forsendur þessarar vinnslu eru óvenju auðug þangmið í Breiðafirði og jarðhiti á Reykhólum.

Á grundvelli 7 mánaða starfstíma þarf til þurrkunar og skolunar um 45 l/sek af 95°C heitu vatni, aflþörf yrði um 200 kW. Reiknað er með, að fast starfslið yrði 4 menn allt árið, en 24 menn mundu starfa í 7 mánuði og 19 í 3 mánuði yfir sumartímann. Endurskoðun á rekstrartilhögun á þeim grundvelli, að verksmiðjan starfaði allan ársins hring, væri þó æskileg.

Stofnkostnaður við þangmjölsverksmiðjuna er áætlaður nálægt 128 milljónir króna. Rekstrarkostnaður er áætlaður um kr. 43,1 milljón á ári, eða 10 800 kr./tonn miðað við 4000 tonna ársframleiðslu. Söluverðmæti er áætlað 55,9 milljónir króna. Þetta svarar til 10% endurheimtu af stofnfé á undan sköttum og vaxta-greiðslum.

Til að gera þennan rekstur mögulegan þarf hið opinbera að leggja í fjárfestingu vegna hafnarmannvirkja, vegagerðar, jarðhitavirkjunar og raflínu, sem áætluð er um 60 milljónir króna.

Tekjur fyrirtækisins yrðu hreinar útflutningstekjur, sem gætu aukizt frá 55 milljónum króna upp í 140 milljónir króna á ári miðað við fulla stærð. Tekjur hins opinbera af seldri þjónustu og beinum sköttum fyrirtækisins gætu numið um 7,8 milljónum á ári í byrjun og aukizt upp í 20 milljónir við fulla stækkun verksmiðjunnar.

Meginniðurstaða þessarar áætlunar Rannsóknaráðs ríkisins er sú, að hér sé um athyglisverðan möguleika að ræða og líkur séu fyrir því, að traustar tæknilegar og viðskiptalegar forsendur séu fyrir hendi. Lagt er til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir athugun á málinu með framkvæmdir fyrir augum.

Í viðræðum hafa fulltrúar hins skozka fyrirtækis lagt ríka áherzlu á það, að orðið geti úr kaupum á 4000 tonnum af þangmjöli frá þangmjölsverksmiðju á Reykhólum á árinu 1974. Ef það reynist ekki unnt verður fyrirtækið að gera aðrar ráðstafanir í hráefnisútvegum sinni. Með tilliti til þessara naumu tímamarka þarf að hefja undirbúning hið allra fyrsta, þannig að hægt verði að taka ákvörðun um byggingu og panta tæki til verksmiðjunnar í marz-apríl 1973 og hefja framkvæmdir við vega- og hafnargerð svo fljótt sem aðstæður leyfa eftir það.


Undirbúningsfyrirtæki því, sem frumvarp þetta fjallar um, er ætlað að sjá um undirbúning þessa máls, þannig að hægt sé að standa við ofangreinda tíma-áætlun og jafnframt tryggja eðlilega meðferð málsins vegna endanlegrar athugunar á hagkvæmni og ákvörðunartöku um framkvæmd.

Frumvarpi þessu fylgja:

Fskj. nr. I. Mynd af starfsrás væntanlegrar verksmiðju.

Fskj. nr. II. Þýðing á bréfi frá skozka fyrirtækinu „Alginate Industries“, dags. 29. sept. 1972.

Fylgiskjal I.



MYND 2. STARFSRÁS BANGMÖLSVERKSMÍÐU
 RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS

V.L. SEPT. 1972

Fylgiskjal II.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS.

Fylgiskjal með frumvarpi til laga um þörungavinnslu á Reykhólum.

Þýðing á bréfi frá Alginate Industries, Skotlandi.

29. september 1972.

Hr. Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri,
Rannsóknaráð ríkisins,
v/Hringbraut,
Reykjavík,
Íslandi.

Kæri hr. Hermannsson,

Með tilvísun til viðræðna hr. Pery við yður og bréfs hans frá 12. september, vil ég staðfesta, að á stjórnarfundi 29. september var ákveðið, að AIL (Alginate Industries Ltd.) myndi hefja kaup frá Íslandi á 4000 tonnum af þvegnu, þurrkuðu, möluðu Ascophyllum þangi árið 1974 og í að minnsta kosti 10 ár þar eftir, með forgangsrétt handa AIL að halda áfram kaupunum eftir það, svo framarlega sem alginatinnihald þangsins (eins og það er ákvarðað með okkar aðferðum við rannsóknir á sýnishornum fram að þessu) sé ekki minna en 40% og meðalþurrefnisinnihald ekki lægra en 87%.

Verðið, sem greitt yrði af AIL yrði £70 á tonn fob. Reykhólar fyrir sendingar á árinu 1974, en yrði umsamið árlega eftir það, þannig að tekið yrði tillit til hækkunar eða lækkunar á framleiðslukostnaði.

Að því er varðar framtíðarmagn virðast allar líkur benda til þess, að við þurfum á vaxandi magni Ascophyllum þangs að halda og að svo miklu leyti, sem hægt er að spá fyrir um framtíðarvöxt eftirspurnar eftir alginötum, áætlun við, að þarfir okkar fyrir Ascophyllum þang frá Íslandi muni aukast um 1500 tonn á ári upp í hámark 10 000 tonn á ári. Við munum að sjálfsögðu veita alla aðstoð, sem möguleg er við verkefnið, en óskum í staðinn eftir forgangsrétti til að kaupa alla framleiðsluna, með þeim skilmálum, sem raktir eru að ofan, að undanskyldu því magni, sem þörf er á til landbúnaðarnota á Íslandi.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka yður fyrir viðleitni ráðs yðar til að styðja verkefni þetta svo langt áleiðis frá því í júlí og legg áherzlu á, að við gerum nú ráð fyrir því í framleiðsluáætlunum okkar, að 4000 tonn af Ascophyllum mjöli verði tiltækilegt frá Íslandi á árinu 1974.

Virðingarfyllst,

W. R. Merton, stjórnarformaður.

(sign.)